

Stykkishólmur

14.04.2023

Atvinnuveganefnd

Ályktun aðalfundur Batafélagsins Ægis haldinn í Ráðhúsinu í Stykkishólmi þann 12. desember 2022 varðandi strandveiðar

Batafélagið Ægir styður fyrirkomulag strandveiða eins og það er í dag, fjórir dagar í viku, allt að 12 róðrardagar í mánuði í fjóra mánuði (maí-ágúst) og skorar á ráðherra að tryggja að aflaheimildir dugi til að strandveiðisjómenn fái að stunda sína atvinnu út ágústmánuð.

Batafélagið Ægir leggst gegn svæðisskiptingu á strandveiðum með tiltekinni aflahlutdeild fyrir hvert svæði.

Batafélagið Ægir vill einnig benda ráðherra á að herða reglur um eignarhald á strandveiðibátum þannig að hver kennitala eigi eingöngu aðild að einum strandveiðibát. Einnig að aðeins eigandi rói sínum bát.

Það er alltaf að færast meira og meira í vöxt Að menn láti róa fyrir sig og sumir gera út tvo til þrjá báta á strandveiðar.

Batafélagið Ægir telur að skoða megi hugmyndir um að leggja af svæðisskiptingu á strandveiðum þannig að landið allt yrði eitt svæð.

Batafélagið Ægir telur að mikill meirihluti þeirra sem hafa stundað strandveiðar undanfarin á séu mótfallnir fyrirhuguðum breytingum og telur þær vera stórt skref afturábak hvað varðar fyrirkomulag og öryggi þeirra sem stunda veiðarnar.

Stjórn Batafélagsins Ægirs . Stykkishólmi

Þróstur Ingi Auðunsson

Valentínus Guðnason

Páll Aðalsteinsson

Á fundi heimastjórnar á Djúpavogi 5. apríl 2023 var bókað eftirfarandi:

Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða), 861. mál.

Málsnúmer [202303249](#)Vakta málsnúmer

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða), 861. mál.

Heimastjórn á Djúpavogi áréttar fyrri bókun frá 9. mars 2023 varðandi mikilvægi strandveiða og þá kröfu að tryggja beri 48 daga til veiða ár hvert. Meðan svo er ekki er fyrirbyggjandi frumvarp um svæðaskiptinu strandveiða skárri og sanngjarnari kostur en núverandi kerfi fyrir C-svæði-Norðausturland.


Samþykkt samhjóða.

Umsögn Drangeyjar- smábátafélags Skagafjarðar um svæðaskiptingu strandveiða

Í umsögn Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar um þetta mál sem flutt er nú sem frumvarp til laga er þessari aðgerð mótmælt eins og hjá miklum meirihluta í þeim 131 umsögnum sem komu við þessa fyrirætlan ráðherra sjávarútvegsmála í samráðsgátt stjórnvalda fyrir skömmu. Ástæðulaust er að endurtaka þau skrif en lýsa verður furðu á hvernig svokallað samráð er viðhaft í reynd. Þá veldur það enn frekari undrun að í frumvarpinu skuli ekkert gert með ályktanir landsfundar Vinstri grænna sem haldinn var nýlega en þar segir: *“Landsfundurinn leggur áherslu á að áflaheimildir í 5,3% hluta fiskveiðisjómunarkefisins verði auknar í áflöngum í 8-10%. Landsfundurinn vill einnig tryggja þann sveigjanleika innan kefisins að ráðherra sé heimilt að flytja áflaheimildir til þess að tryggja ávallt 48 daga til strandveiða ár hvert. Mikil óvissa ríkir ár hvert meðal sjómanna um áflaheimildir, sú óvissa kemur í veg fyrir það að smábátasjómenn geti treyst á keifið og sinnt strandveiðum sem öruggri atvinnugrein.”*

Drangey-smábátafélag Skagafjarðar telur nauðsynlegt að endurskoða samspil kvótakerfisins og strandveiða enda eiga þessar veiðar fátt kerfislega sameiginlegt. Sú hugsun að auka svokallaðan 5,3% pott á kostnað þeirra sem starfa innan kvótakerfisins er ávísun á enn frekari togstreitu og átök innan greinarinnar og þannig fjarlægast markmiðið um frekari sátt innan fiskveiðisjómunarkefisins.

Útilokað er að ræða þessi mál án þess að skoða árangur nærri fjögurra áratuga tilraunar til að byggja upp helstu fiskistofna víð Ísland. Á myndinni hér að neðan blasir hann við:



Skemmst er frá því að segja, að árangurinn af uppbyggingunni og ráðgjöfinni mældur með þessum mælikvarða er minni en enginn eins og sést vel á þessari mynd! Þótt hér sé aðeins sýnt ráðgefið veiðimagn í sjö fiskistofnum má einnig minna á að jafnvel enn lakari árangur er af ráðgjöfinni í ýmsum öðrum tegundum eins og humri, lúðu, rækju og fleiri stofnum. Þá má rifja upp, að í upphafi var því haldið fram af vísindamönnum Hafró, að ef farið yrði að ráðum þeirra mætti m.a. reikna með að innan tiltölulega skamms tíma (<10 ár) gæti jafnstöðuafli í þorski orðið allt að 500.000 tonn á ári. Í dag erum við að berjast við innan við helming þess og það þrátt fyrir að hrygningarstofninn hafi fyrir fáum árum náð að mælast meira en 600.000 tonn. Enginn góður nýliðunarárgangur hefur sést í þorski í tæp 40 ár og engar tillögur til skýringa á því er að finna hjá þeim sem segjast best til þekkinga, þ.e. Hafró.

Annað vekur líka athygli þegar þessi mynd er skoðuð. Fyrir 38 árum var ráðgefandi afli gefinn upp í þúsundum eða tugþúsundum tonna. Í dag er ráðgjöfin gefin upp í tonnum og er þannig stöðugt verið að gefa til kynna að þekkingin sé svo mikil að hægt sé að segja til upp á tonn hver afli megi verða úr hverjum og einum stofni. Að mati undirritaðs er það í besta falli villandi og versta falli vísvitandi blekkjandi nákvæmi sem hefur enga þekkingarlega stoð. Kannski er tilgangurinn sá einn að geta sett af stað deilur milli sjómanna um að „taka frá“ og æsa menn þannig gegn strandveiðum.

Tillaga Drangeyjar

Skoða verður nýja nálgun á fyrirkomulagi ráðgjafar og fiskveiða. Í allri vísindastarfsemi er nauðsynlegt að gera tilraunir og endurmeta aðferðir og hugsun sem ekki skilar árangri. Drangey leggur því til að gerð verði 3-5 ára tilraun með að taka heildarafla strandveiða út úr aflamarkskerfinu og að heimilt verði að sækja allt að 12 veiðiferðir í því á mánuði í fjóra mánuði á ári á sömu forsendum og gert var þegar kerfinu var breytt árið 2018. Ákvæði um stöðvun veiða þegar einhverjum tilteknum heildarafla er náð verði fellt út úr lögunum. Undirritaður er sannfærður um að fátt yrði vænlegra til að skapa aukna sátt innan greinarinnar en slíkt fyrirkomulag auk þess sem það gæti orðið til bæta rannsóknir og ráðgjöf við nýtingu á þorskstofninum hér við land en sú tegund er uppistaða í afla á strandveiðum.

F.h. Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar

Magnús Jónsson formaður

Alþingi
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir - Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hafnarfjörður, 14.04.2023
Tilv.2023-04-03-0281

Efni: Umsögn um 861. mál frá nefnda og greiningarsviði Alþingis, svæðaskipting strandveiða.

Fiskistofu barst í tölvupósti þann 31. mars beiðni um umsögn við 861. mál frá nefnda og greiningarsviði Alþingis um svæðaskiptingu strandveiða.

Fiskistofa fer með eftirlit og sér um framkvæmd strandveiða. Veiðieftirlitssvið og stjórnsýslu- og upplýsingasvið eru þau svið innan stofnunarinnar sem koma að því sem lítur að strandveiðum. Fiskistofa vill koma eftirfarandi athugasemdum að:

Endurvigtun afls sem veiðist á strandveiðum

Þeim sem stunda strandveiðar er heimilt að halda til veiða 12 daga í mánuði og er hámarkstími á róðri 14 klst. Við vigtun aflans þegar komið er að landi er hámark ísprósentu 3% nema afli sé sendur í endurvigtun. Niðurstöður endurvigtunar og endanleg aflaskráning kemur oft ekki fyrr en 3 – 5 dögum seinna. Á tímabilinu 1. maí – 31. ágúst árið 2022 var um 40% landaðs afls vigtaður endanlega á hafnarvog, 60% af öllum lönduðum afls var þar með endurvigtaður. Til að auðvelda framkvæmd og eftirlit með því að veiðar fari ekki um of fram úr ráðstöfuðu aflamagni hvers mánaðar leggur Fiskistofa til að óheimilt verði að endurvigta afls sem veiddur er á strandveiðum, enda er ekki þörf fyrir að ísa þann afls umfram 3% í ljósi þess að veiðiferðir eiga ekki að fara umfram 14 tíma. Ef 60% afls er sendur til endurvigtunar er ljóst að það verður nær ógerlegt að loka svæðum fyrr en of mikið hefur veiðst.

Aflamagn ráðstafað niður á svæði og mánuði

Í frumvarpinu er lagt til að fari afli umfram það magn sem ráðstafað var á svæðið í mánuðinum mun sá afli dragast af aflamagni næsta mánaðar.

Fiskistofa bendir á í þessu samhengi að töluverð vinna felst í því að fylgjast með veiddum afls niður á svæði sem og lokunar svæða og reiknast til að sú framkvæmd sem lögð er til muni kalla

á aukinn mannafla. Strandveiðar eru stundaðar á sumartíma þegar stofnun er fáliðuð vegna sumarfría og mun stofnunin því þurfa að ráðast í ráðningu á sumarstarfsmanni til að koma að þessum verkefnum.

F.h. Fiskistofu
Svana Helgadóttir



Öryggissjónarmiðið hlýtur að veða þyngst í þessu frumvarpi en það er ótækt með öllu að Matvælaráðuneytið skuli fullyrða að ekki verði aukinn hvati til ólympískra veiða, þegar það liggur fyrir að af þeim 20 mánuðum sem 48 daga kerfið hefur verið við lýði hefur einungis verið tvísýnt með dagana í tvo mánuði (**10% af þessum 20 mánuðum verið lítilvægur hvati**) og fengust þó yfir 10 dagar hvorn mánuð. Það er með öllu ósambærilegt við eldra kerfið þar sem keppst var við dagafjöldann hvern einasta mánuð og fór niður í 2 daga minnst. Þá var svæði C einungis með 8 daga að meðaltali í ágúst á árunum 2010 til 2017.

Strandveiðar 2010 – 2017 – fjöldi veiðidaga

Svæði A	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	10	5	6	10	7	9	10	13	9
júní	5	9	7	11	6	11	7	10	8
júlí	7	6	6	8	9	9	6	8	7
ágúst	4	5	2	6	6	7	5	8	5
Samtals	26	25	21	35	28	36	28	39	30

Svæði B	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	15	18	16	15	15	14	16	17	16
júní	17	15	12	15	12	16	14	16	15
júlí	11	14	9	12	11	16	10	17	13
ágúst	4	8	4	4	7	7	4	10	6
Samtals	47	55	41	46	45	53	44	60	49

Svæði C	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	15	18	16	15	15	14	16	17	16
júní	17	15	16	15	15	17	18	16	16
júlí	11	14	13	19	17	18	11	17	15
ágúst	4	12	5	14	9	7	5	10	8
Samtals	47	59	50	63	56	56	50	60	55


Svæði D	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Meðt
maí	13	10	16	15	15	14	12	17	14
júní	8	15	15	15	15	17	9	16	14
júlí	7	15	6	19	19	18	4	17	13
ágúst	6	18	11	16	15	16	7	18	13
Samtals	34	58	48	65	64	65	32	68	54

Frumvarpið kemur til vegna baráttumáls fárra (3 af 16 svæðisfélögum LS hlynt svæðaskiptingu) og umhugsunarvert hvað mikill hiti er í mönnum á svæði C sem voru að missa af ágúst mánuði í fyrsta sinn á 14 árum.

Samkvæmt súluritinu sem fylgir frumvarpinu sést að þorsveiðin hefur haldist í kringum tvö þúsund tonn á svæði C, og þeir því ekki misst af neinu heldur var sú aukning sem bætt var inn í strandveiðikerfið til að mæta hugsanlegri þörf þegar 48 daga kerfið var sett á fyrst til bráðabirgða árið 2018, veidd að mestu af bátum á svæði A sem var við þessar breytingar að fá 60% aukningu á dögum miðað við 30 daga að meðaltali 2010 til 2017. Á svæði C hinsvegar fækkaði dögum um tæp 13% (55 að meðaltali 2010 til 2017) og þorskaflinn þar síðustu ár því alveg í samræmi við árin á undan (svæði B fækkaði dögum um 2% og svæði D um 11%).

Þær hrakfallaspár um að bátar myndu færa sig yfir á svæði A hafa heldur ekki staðist, en bátum fækkaði á svæðum B, C og D á árunum 2009 til 2017 en hafa haldist nokkuð jafnir á árunum 2018 til 2022. Það hefur sveiflast aðeins bátafjöldinn á svæði A og fjöldi báta sem annars stóðu ónýttir bættust við sumarið 2022 vegna fréttu af mikilli fiskgengd og háu fiskverði.

Fjöldi strandveiðibáta eftir svæðum



Þá vill ég vísa í einu samantektina á möguleikum svæða og hugsanlega afkomu í umsögnum Strandveiðifélagsins Króks í ferli þessa lagafrumvarps, þar sem augljóslega sést hversu jafnir möguleikarnir hafa verið s.l. fimm ár: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3394&uid=101fd240-49a5-ed11-9bb7-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3394&uid=101fd240-49a5-ed11-9bb7-005056bcce7e)

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpinu og fyrirhugaðri lagasetningu er áformað að auka jafnræði milli landsvæða. Markmið stjórnvalda með stjórn fiskveiða er lögum samkvæmt að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Jafnræði milli landsvæða er ekki tryggt hvað varðar þátttöku í strandveiðum. Komi til þess að strandveiðar séu stöðvaðar miðað við núverandi löggjöf, kemur það áfram mest niður á þeim sem stunda strandveiðar við norðausturluta landsins. Ákvæði laganna hvað varðar strandveiðar er það afgerandi að önnur úrræði svo sem setning reglugerðar kemur ekki til álita. Gera verður breytingu á lagaákvæði 6. gr. a til að ná fram framangreindu markmiði. Áformað er að afturkalla afnám svæðaskiptingar aflaheimilda við strandveiðar. Fyrirhugað er að skipting aflaheimilda grundvallist á fjölda báta sem skráður er á hvert svæði fyrir sig á hverju ári. Þannig verði þeim aflaheimildum sem eru til ráðstöfunar skipt jafnt enda sé jafnræði milli svæða best tryggt á þann máta. Þá verði viðmiðunar- og útreikningsreglur um flutning og ráðstöfun aflaheimilda nánar útfærðar í reglugerð. Með því verði m.a. hægt að bregðast við ef aflaheimildir eru óveiddar í lok tímabils eða fiskveiðiárs.

Athugasemd.

Verndun og hagkvæm nýting og tryggja trausta atvinnu í landinu. Ekki verður séð að um verði að ræða aukna hagkvæmni við þá breytingu sem lagt er til að verði á lögum um stjórn fiskveiða, þvert á móti er óhagkvæmara að veiða á svæðum sem gefa minni afla, þá má setja spurningamerki við þá fullyrðingu að jafnræði sé ekki tryggt, þessi tillaga til breytingar flytur störf frá svæði A til svæði C. Þá er rétt að geta þess að öryggisfaktorinn er sérstaklega mikilvægur við svona breytingu.

Ef línuritið er skoðað sést að á árunum 2011-2018 er aflinn á svæði c í kringum 2000 tonn, á árunum 2009-2010 er hann langt undir því, á árunum 2019-2022 er hann rétt undir 2000 tonnum nema á árinu 2022 þar sem að hann minnkar eitthvað, mín tilfinning er sú að þar sé um að ræða náttúrulegar sveiflur sem jafnast út yfir lengri tíma, aukningin á svæði A er tilkomin vegna náttúrulegrar sveiflu sem verður alltaf og enginn ræður við sama hvaða kerfi við setjum. Aldrei hefur verið svona mikill afli á línu á Svæði A eins og á árinu 2022 sem að ég held að staðfesti mikla fiskgengd á svæðinu, mín skoðun er sú að ekki séu neindir almannahagsmunir sem kalli á breytingar sem þessar.

Fjöldi atvika á hverju sumri (maí til loka ágúst) árin 2013-2022.

Choose report
STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2013 00:00 Date to 31/08/2013 23:59 Issue type All Show Report Show in Excel

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
78.485	31.193	131.862	9.03	26475

Choose report
STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2014 00:00 Date to 31/08/2014 23:59 Issue type All Show Report Show in Excel

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
117.123	65.717	183.405	7.799	22406

Choose report
STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2015 00:00 Date to 31/08/2015 23:59 Issue type All Show Report Show in Excel

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
118.048	113.896	231.94	8.422	24196

Choose report
STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2016 00:00 Date to 31/08/2016 23:59 Issue type All Show Report Show in Excel

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
120.155	47.06	167.221	7.526	21637

*

Choose report
STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2017 00:00 Date to 31/08/2017 23:59 Issue type All Show Report Show in Excel

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
66.812	34.093	100.968	16.295	47760

*Fyrirvari varðandi áreiðanleika talningar (fjöldi atvika)

Choose report

STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2018 00:00

Date to 31/08/2018 23:59

Issue type All

[Show Report](#)[Show in Excel](#)

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
127.45	50.934	178.328	6.798	19538

Choose report

STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2019 00:00

Date to 31/08/2019 23:59

Issue type All

[Show Report](#)[Show in Excel](#)

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
203.577	204.141	407.33	6.904	19580

Choose report

STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2020 00:00

Date to 31/08/2020 23:59

Issue type All

[Show Report](#)[Show in Excel](#)

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
187.193	57.945	245.081	7.241	20803

Choose report

STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2021 00:00

Date to 31/08/2021 23:59

Issue type All

[Show Report](#)[Show in Excel](#)

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
232.896	73.365	306.179	7.723	22521

Choose report

STATS - Issue statistics

Date from 01/05/2022 00:00




Date to 31/08/2022 23:59

Issue type All


[Show Report](#)[Show in Excel](#)

Average issue life cycle times (minutes)			Average count of issues processed per hour	Total count of issues processed
Response time	Working time	Total time	Count	Count
177.94	59.296	237.183	9.082	26474



Yfirlit yfir sjósókn árin 2013-2022




Meðaltal 2013-2022, hæsta gildi hvers dags




Sundurliðun áráanna 2013-2022:




Yfirlit 2015




Yfirlit 2016




Yfirlit 2017




Yfirlit 2018




Yfirlit 2019




Yfirlit 2020



Yfirlit 2021



Yfirlit 2022





Alþingi
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2023

Tilvísun: 2305097/3.1.0

Efni: Samantekt á gögnum um strandveiði

Að beiðni atvinnuveganefndar hefur Landhelgisgæslan tekið saman tölfraði úr kerfum stofnunarinnar um atvik hjá standveiðibátum.

Í eftirlits- og skráningarkerfum Landhelgisgæslunnar eru strandveiðibátar auðkenndir sem fiskiskip, ekki sérstaklega sem strandveiðibátur. Veiðileyfi þessara fiskiskipa er hinsvegar til strandveiða. Fyrir vikið er flókið að vinna tölulegar upplýsingar um fiskiskip með þetta tiltekna veiðileyfi.

Leiðin sem var farin var að fá upplýsingar um útgefin strandveiðileyfi frá Fiskistofu, 10 ár aftur í tímann (2013 t.o.m. 2022) en ekki liggja fyrir gögn lengra aftur í tíman.

Atvik eru flokkuð eftir tegund atvika, sem dæmi eru brottföll úr ferilvöktun „Timeage outside“.

Fjöldi mála á skrá er töluverður og yfir þá sumarmánuði sem strandveiðar eru stundaðar (byrjun maí út ágúst) eru að jafnaði um 23 þúsund mál á hverju ári (frá 19538 árið 2018 til 26475 árið 2013).

Til að ná sem gleggstri mynd voru tiltekin atvik tekin til skoðunar, þ.e. vélarvana skip, „Engine Failure“ og síðan nokkrir flokkar neyðartilvika sem voru skoðuð saman. Neyð er flokkuð upp í nokkrar tegundir eins og „Stranded“, „Fire“, „MEDICO“, „MEDEVAC“, „MOB“ og „Sinking“.

Önnur atvik, eins og brottfall úr ferilvöktun er líklega í línulegu samhengi við fjölda á sjó á hverjum tíma. Þó má leiða líkum að því að lægri skip og mögulega eldri, eins og mörg þeirra skipa sem eru á strandveiðum falla undir, séu líklegri til að detta úr ferilvöktun þar sem loftnet þeirra liggja lægra og draga þ.a.l. skemur. Má því benda á tölfraði um sjósókn íslenskra skipa og aukið álag yfir sumarið sem að stórum hluta er tengt strandveiðum, sjá viðhengi.

Fjöldi atvika er hinsvegar það mikill að það var ekki lagt í þá vinnu og örðugt að flokka niður eftir einhverju svæðaskipulagi nema rýna hvert atvik fyrir sig. Þó má benda á að í yfirlit yfir útgefin strandveiðileyfi kemur fram hvert veiðisvæðið er.

Helsta niðurstaðan er að það eru rétt undir 30% (rýndra) tilvika, síðast liðin 10 ár, sem tengjast strandveiðibátum beint. Þetta er stutt með tölfræðilegum gögnum.

Því til viðbótar eru atriði sem eru ekki innifalin í tölfræði, áreiti af ýmsu tagi vegna ókunnugleika og eða reynsluleysi viðkomandi skipstjórnarmanna. Sjósókn út fyrir haffæri (A-1) viðkomandi báta og síthvað fleira.

Í fylgiskjöllum eru tölfræðigögn úr kerfum landhelgisgæslunnar fyrir tímabilið 2013-2022 vegna strandveiða.

Virðingarfyllt,



Auðunn Kristinsson
Framkvæmdastjóri Aðgerðasviðs



Reykjavík 17. apríl 2023

Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: *Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða). 861. mál.*

Ákvörðun um nauðsyn frumvarpsins er grundvölluð á að veiðiheimildir sem teknar eru frá til strandveiða muni ekki duga til loka veiðitímabilsins maí – ágúst.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þess sé að auka jafnræði milli landshluta.

Í rökstuðningi fyrir breytingunni er byggt á að fiskgengd á grunnslóð verði áfram mismunandi milli landshluta á strandveiðitímabilinu. Komi til þess að strandveiðar verði stöðvaðar á síðari hluta tímabilsins bitni það því mest á norðaustur- og austursvæðinu.

LS er ósammála því að aukið jafnræði við strandveiðar verði betur tryggt með þeim flóknu og ófyrirsjáanlegum breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Í stað þeirra er það skoðun LS að farsælast sé að áfram verði byggt á núverandi fyrirkomulagi. Til að tryggja það jafnræði sem skilgreint er í greinargerð frumvarpsins leggur LS til að ákvæði sem skyldar Fiskistofu um að stöðva veiðarnar verði afnumið, jafnframt því að veiðidagar á strandveiðum 2023 verði 11 í hverjum mánuði.

Greinargerð

LS skilaði ítarlegri [umsögn](#) í samráðsgátt um drög að því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Þar var byggt á samþykktum aðalfunda að veiðidagar til strandveiða yrðu samtals 48 jafnskiptir á tímabil strandveiða, maí, júní, júlí og ágúst. Þar sem nú eru aðeins 14 dagar þar til strandveiðar hefjast er óraunhæft að ætla Alþingi að afgreiða svo viðamiklar breytingar sem frumvarpið kveður á um. LS gerir ekki lítið úr þeim ásetningi ráðherra að þörf sé á auknu jafnræði til strandveiða. Umsögn LS er ætlað að tryggja það á komandi vertíð. Því hefur það orðið niðurstaða stjórnar félagsins að leggja til fækkun daga enda verði þá tryggt að ekki komi til stöðvunar veiða. Breytingin sem lögð er til er einföld og kallar ekki á mikla umræðu þar sem ekki er um kerfisbreytingu að ræða.



Vakin er athygli á að nú stendur yfir heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða í hópnum „Auðlindin okkar“. Þar hafa strandveiðar fengið mikla umræðu sem væntanlega mun skila sér í tillögum um framtíðarfyrirkomulag strandveiða. Góður vilji er hjá hópnum að efla strandveiðar með því að tryggja þeim meiri aflaheimildir. Við undirbúning frumvarpsins lá þessi vitneskja ekki fyrir.

Miðað við stöðuna sem nú er þykir LS það engan vegin réttlætanlegt að strandveiðisjómenn þurfi nú að undirgangast flóknar breytingar á veiðikerfi sínu, sem fyrirhugað er að gera breytingar á að ári.

Virðingarfyllt

framkvæmdastjóri



Egilsstaðir 11. apríl 2023

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefnda- og greiningarsvið

Umsagnir heimastjórna í Múlaþingi um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða), 861. mál.

Á fundi heimastjórnar Borgarfjarðar eystra, 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða), 861. mál.

Heimastjórn Borgarfjarðar telur að svæðaskipting aflaheimilda muni koma á meira jafnvægi milli landshluta í strandveiðikerfinu. Hins vegar er margt sem er ójóst þar sem ráðherra mun með reglugerð taka ýmsar ákvarðanir sem skipta höfuðmáli um hvernig til tekst. Þar má nefna hvernig afla verður skipt á milli svæða sem og mánaða. Einnig er mikilvægt að komi til þess að strandveiðum ijúki fyrir lok ágúst fái strandveiðibátar almennt veiðileyfi aftur. Heimastjórn brýnir ráðherra til að vinna að því að tryggja að allir strandveiðibátar fái tækifæri til að róa í 48 daga á komandi tímabili með því að tryggja nægt aflamark til kerfisins eða fella út setninguna í frumvarpinu: „Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar frá hverju landsvæði þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla hvers tímabils verði náð, sbr. þó 2. - 3. másl. 9. mgr.“ Starfsmanni heimastjórnar falið að koma ofangreindu á framfæri við nefndarsvið Alþingis.

Á fundi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs, 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Fyrir liggur til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða).

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs gerir ekki athugasemd við frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Á fundi heimastjórnar Djúpavogs, 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða), 861. mál.

Heimastjórn á Djúpavogi áréttar fyrri bókun frá 9. mars 2023 varðandi mikilvægi strandveiða og þá kröfu að tryggja beri 48 daga til veiða ár hvert. Meðan svo er ekki er fyrirbyggjandi frumvarp um svæðaskiptinu strandveiða skárri og sanngjarnari kostur en núverandi kerfi fyrir C-svæði-Norðausturland.

Á fundi heimastjórnar Seyðisfjarðar, 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða), 861. mál.



Heimastjórn á Seyðisfirði gerir ekki athugasemdir við tillöguna þar sem umrætt fyrirkomulag er til bóta miðað við núverandi ástand. Þó bendir heimastjórn á að það hefði verið æskilegra að hafa heildrænni sýn og koma með nýja nálgun, þar sem umrætt fyrirkomulag leysir ekki allan vandann m.t.t. þess að öryggi sjómanna sé tryggt. Heimastjórn telur að tryggja beri 48 daga til veiða ár hvert. Meðan svo er ekki er fyrirliggjandi frumvarp um svæðaskiptinu strandveiða skárri og sanngjarnari kostur en núverandi kerfi fyrir C-svæði-Norðausturland.

Virðingarfyllt,

Óðinn Gunnar Óðinsson
skrifstofustjóri Múlaþings

ÁSKORUN

Neðangreind sveitarfélög skora á matvælaráðherra og Alþingi að jafna afkomumöguleika strandveiðisjómanna óháð búsetu, með lögfestingu ákveðins veiðidagafjölda án stöðvunar veiða þegar heildarpotti er náð. Þar til því takmarki er náð krefjumst við að núverandi strandveiðipotti verði skipt á veiðisvæði í réttu hlutfalli við útgefin strandveiðileyfi á viðkomandi svæði. Nú þegar strandveiðitímabilið er nýhafið eru fjölmargir strandveiðibátar að flytja sig af C- svæði til annarra svæða þar sem betur veiðist snemmsumars. T.d. eru fimm bátar farnir nú þegar frá Raufarhöfn yfir á önnur svæði og má öllum vera ljóst að brotthættar byggðir norðan og austan lands mega ekki við fleiri áföllum og núverandi fyrirkomulag strandveiða er sjávarþorpum á þessu svæði mjög óhagstætt og brýnna aðgerða er þörf.

8. maí 2023.

F.h. Múlaþings



Sigrún Þorunn
Sveitarstjóri
Langanesbyggðar

F.h. Norðurljóspings
Katla Sigurðsdóttir, sveitarstj.
Norðurljósping

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 17. apríl 2023

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða).

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. 861. mál á 153. lögjafarþingi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að taka aftur upp svæðaskiptingu við strandveiðar. Ennfremur gerir frumvarpið ráð fyrir flutningsheimildum milli tímabila og landsvæða innan fiskveiðiárs, auk þess sem heimilt verður að flytja óveiddar aflaheimildir á milli fiskveiðiára.

Samtökin benda á að þegar svæðaskipting strandveiða var afnumin, fyrst til bráðabirgða árið 2018 og síðar alfarið árið 2019, lýstu samtökin andstöðu við þær breytingar. Sú andstaða byggði meðal annars á þeim sjónarmiðum sem liggja nú til grundvallar þeim breytingum sem lagðar eru til í því frumvarpiu sem hér er til umsagnar. Samtökin styðja því þá breytingu að tekin sé að nýju upp svæðaskipting við strandveiðar.

Hafa skal þó þann fyrirvara á að samtökin hafa ítrekað lýst þeirri afstöðu að hætta eigi strandveiðum og fella aflamark, sem tekið hefur verið af öðrum og ráðstafað til þessara veiða, undir aflahlutdeildarkerfið. Stækkun aflapotts til strandveiða hefur verið árviss viðburður á undanförunum árum og hafa flutningsmenn slíkra tillagna stutt mál sitt þeim rökum, að það sé í þjóðarhag að allur heimilaður þorskaflí til strandveiða náist. Við þetta má gera þá athugasemd að hagkvæmara væri, og hagstæðara út frá sjónarmiðum byggðarfestu, að nýta aflaheimildir þessar í atvinnuveiðum sem stundaðar eru á ársgrundvelli.

Í því ljósi lýsa samtökin sig mótfallin þeirri tilhögun að heimilt verði að flytja óveiddar aflaheimildir í strandveiðum á milli fiskveiðiára. Samtökin leggja því til að 2. og 3. ml. b. liðar 1. gr. frumvarpsins falli brott. Þess í stað færi betur á því að ónýttar aflaheimildir ætlaðar til strandveiða við lok hvers strandveiði-tímabils falli í hlut aflahlutdeildarhafa við upphaf hvers fiskveiðiárs.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Jón Kristinn Sverrisson
Lögfræðingur

bt. atvinnuveganefndar

Umsögn um þingskjal Þingskjal 1353 — 861. mál., um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða)

Sendandi: Strandveiðifélag Íslands

Reykjavík, 31. mars 2023

Strandveiðikerfið eins og það stendur í dag er greinilega gallað, en frumvarpið gerir ekkert til þess að rétta hlut strandveiðiflotans. Frumvarpið markar greinileg afturför, þvert á ítrekuð loforð flokks matvælaráðherra um að styrkja kerfið.

1. Áhættumat

Við tókum eftir því að í mati á áhrifum er hvergi talað um áhættumat á slyshættu. Það hlýtur að teljast nauðsynlegt að framkvæma þannig mat á lagabreytingu sem gæti aukið hvata til ólympískra veiða. Í umsögn sinni í samráðsgátt bendir Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og nefndarmaður í Rannsóknarnefnd samgönguslysa, á að „við breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sé ávallt haft að leiðarljósi sá mikilvægi þáttur sem öryggismál sjómanna er. Mikill og góður árangur hefur náðst á undanförunum árum í fækkun bana- og vinnuslysa íslenskra sjómanna svo eftir hefur verið tekið bæði innan- sem utanlands. Því er mikilvægt að sá þáttur sé ekki undanskilinn þegar breytingar eru fyrirhugaðar.“ Við teljum það ekki réttlætandi að keyra þetta frumvarp í gegn fyrr en búið er að leita álits Landhelgisgæslunnar og Slysavarnaskóla sjómanna á mögulegum áhrifum þess.

2. Pólitik eða pragmatík?

Frumvarpið er pólitískt í eðli sínu frekar en pragmatískt. Það sést best á því að SFS – sem eiga engra hagsmuna að gæta í strandveiðikerfinu sjálfu en hafa unnið leynt og ljóst að kerfið verði lagt af – sjái sér hag í því að styðja frumvarpið. Strandveiðifélag Íslands hefur þungar áhyggjur af því að frumvarpið sé liður í því að veikja strandveiðikerfið með það að markmiði að leggja það af. Sú sundrung sem frumvarpið hefur skapað milli strandveiðimanna er draumastaða þeirra sem vilja færa félagslega kerfið inn í kvótakerfið. Frumvarpið snýst um hvort brauðmolarnir eiga að falla til vesturs eða norðausturs, þegar ráðherra ætti að leggja fram frumvarp fyrir réttlátari sneið af kökunni fyrir alla sjómenn, hringinn í kringum landið.

Sé ráðherra umhugað um að auka jafnræði milli landshluta viljum við benda á að það skýtur skökku við að bera fyrir sig sanngirnissjónarmið þegar verið er að taka úr einum vasa til að setja í hinn. Það er pólitískt val að leggja fram þetta frumvarp frekar en að leita annarra leiða til þess að auka jafnræði, sér í lagi þar sem aðrar og betri leiðir eru raunhæfar og myndu stuðla að sönnu jafnræði frekar en að sveifla ósanngirni á milli landshluta.

3. Tillögur að raunhæfum lausnum

Matvælaráðherra er annar kostur opin til að gera strandveiðikerfið réttlátara og hvetjum við hana til þess að styðja breytingartillögu 1377 frá Sigurjóni Þórðarsyni. Ef öllum bátum væru tryggðir 48 dagar yfir 6 mánaða tímabil myndi ójafnvægi í kerfinu þurrkast út. Auðvelt er að finna aflaheimildir fyrir komandi vertíð til að tryggja dagafjöldann og hefur Strandveiðifélagið ítrekað bent ráðherra á hvar þær eru að finna, s.s. úr rækju- og skelbótum, byggðakvóta og skiptimarkaði. Þetta myndi veita ráðherra svigrúm til þess að útfæra lagabreytingu fyrir fiskveiðiárið 23/24 sem miðar að því að stækka félagslega pottinn í 8-10% samkvæmt stefnu flokks hennar.

4. Fjórar ástæður til að styrkja strandveiðikerfið

Það er full ástæða til þess að styrkja strandveiðikerfið frekar en að veikja það.

- a. Umhverfissjónarmið: Strandveiðar eru umhverfisvænustu veiðarnar, hvort sem litið er til kolefnisspors (olíunotkun er brot af því sem togarar brenna), röskunar á lífríki sjávar (aðeins 2,5 kíló-gramma stálsakka snertir botninn), eða plastmengunar (töpuð veiðarfæri einskorðast við stálsökkur og u.þ.b. hálfan metra af nælonspotta, og ef til vill stöku krók).
- b. Gæðasjónarmið: Afli strandveiða er fyrsta flokks vara sem er afar eftirsótt um allan heim. Þrjú atriði gera aflann sérstaklega verðmætan. Í fyrsta lagi er öllum afla landað samdægurs. Verðmæti fisks rýrnar tiltölulega hratt – því ferskari sem hann er, þeim mun verðmætari er hann. Í öðru lagi er meðferð fisksins góð þar sem að hann er ekki kraminn, hann er blóðgaður um leið og hann er dreginn úr sjó, og ekki þarf að frysta hann. Í þriðja lagi þá verður krafan um vistvænar og félagslega ábyrgar vörur æ háværi með hverju ári og þar stendur strandveiðiflotinn fremstur meðal jafningja.
- c. Byggðasjónarmið: Strandveiðar eru mikilvægur liður í því styrkja brothættar byggðir og glæða sjávarpláss lífi á ný. Kosturinn við strandveiðar er að þær eru alfarið sjálfsprottin grasrótarlausn á byggðavandanum, því innan strandveiðikerfisins er það fólkið í landinu sem stjórnar för. Strandveiðar eru þar að auki algjörlega sjálfbær liður í því að styrkja brothættar byggðir. Þeim fylgir enginn kostnaður fyrir skattgreiðendur, þar sem að strandveiðiflotinn leggur miklu meira til ríkisins en hann tekur út.
- d. Sjálfstæðissjónarmið: Strandveiðar opna dyr fyrir þá sem vilja stunda sjósókn óháð duttlungum stórútgerðarinnar, enda er kerfið sprottið af úrskurði mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um rétt til atvinnufrelsis og rétt til að velja sér búsetu.

Niðurlag

Tilkoma strandveiðikerfisins var mikið heillaspor fyrir þau sjávarpláss sem fóru halloka úr kvótakerfinu. Strandveiðar hafa sannað gildi sitt, og ljóst er að þær hafa leitt af sér mikla, mikilvæga og sjálfbæra atvinnusköpun á landsbyggðinni. Þetta frumvarp gerir ekkert til þess að auka jafnræði innan kerfisins heldur færir það eingöngu ósanngirnina á milli landshluta. Strandveiðifélag Íslands hvetur þingheim til þess að hverfa frá frumvarpi sem veikir strandveiðikerfið og einbeita sér frekar að styrkingu þess.

Virðingafyllst,

Kjartan Sveinsson, formaður Strandveiðifélags Íslands

bt. atvinnuveganefndar

Athugasemd um þingskjal Þingskjal 1353 — 861. mál., um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (svæðaskipting strandveiða)

Sendandi: Strandveiðifélag Íslands

Reykjavík, 15. maí 2023

Strandveiðifélagið þakkar fyrir þann góða fund sem við áttum með atvinnuveganefnd fimmtudaginn 11. maí 2023. Frá því að fundinum lauk hafa nýjar upplýsingar litið dagsins ljós sem við teljum að gæti nýst nefndinni við ákvarðanatöku. Ef frumvarpið hefði verið komið í gegn fyrir vertíðarbyrjun, þá hefðu veiðar á A svæði verið stöðvaðar 11. maí, sem þýðir að A svæði hefði fengið 7 veiðidaga þann mánuðinn. Þess ber að geta að 11. maí var brælundagur á Breiðafirði og eingöngu stærstu bátarnir réru. Hefði þetta verið síðasti veiðidagur mánaðarins hefðu fleiri e.t.v. freistast til að róa. Hér kristallast hættan sem af ólympískum veiðum stafar.

Það er mikilvægt að halda því til haga að frumvarpið gerir lítið annað en að færa ósanngirnina í kerfinu á milli landshluta. Eins og kerfinu er háttað núna hallar á B og C svæði, þar sem að potturinn mun líklega klárast áður en fiskur er genginn austur. Eins og kerfinu verður háttað nái frumvarpið í gegn mun ósanngirnin sveiflast yfir á A svæði. B og C svæði gætu sparað sínar veiðiheimildir frá maí og júní til að nota í júlí og ágúst. A svæði getur ekki fært heimildir frá júlí og ágúst yfir á maí og júní, þegar fiskgengd er sem best. Auk þess munu ólympískar veiðar bitna mest á A svæði, þar sem að besta fiskgengdin er í byrjun tímabils þegar veður eru sem verst.

Við viljum benda á að matvælaráðuneytið virðist standa í þeirri trú að eingöngu þessar tvær leiðir séu í boði. Svo er ekki þar sem að þriðja leiðin liggur fyrir, sem er að taka stöðvunarheimildina út, en Strandveiðifélagið er tilbúið til að fórna nokkrum sóknardögum á móti. Þessi leið myndi skapa sátt hringinn í kringum landið og myndi veita ráðherra svigrúm næsta vetur til að leita leiða að styrkja strandveiðikerfið fyrir tímabilið 23/24.

Virðingafyllst,

Kjartan Sveinsson, formaður Strandveiðifélags Íslands



Patreksfjörður 25.3.2023

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátaeigenda í Barðastrandarsýslu

B.t. atvinnuveganefndar

Umsögn við stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða) mál 861, þingskjal 1353

Í samráðsgátt var birt mál 22/2023 [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3394](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3394) þann 31.1.2023 og segir þar í drögum að frumvarpinu „Ráðu-neytið telur að þessi breyting leiði ekki til meiri áhættusækni við veiðar frá því sem nú er. Þá bendir ráðuneytið á að hvatar til svokallaðra ólympískra veiða hafi ekki horfið með lagabreytingu sem gerð var með lögum nr. 22/2019, heldur hafi þeir breyst.“

Hér þarf eitthvað meira til en að ónafngreindur aðili innan „ráðuneytis“ telji að átta ára reynsla strandveiðisjómanna af gamla kerfinu sé ímyndun ein. Minni á að það varð banaslys einmitt við þessar aðstæður 2016: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1595652/>

Athugasemd undirritaðs: Hvati til að róa í víðsjárverðum veðrum hefur nánast horfið þar sem fyrirséð hefur verið öll árin í 48 daga kerfinu (fyrst til bráðabirgða 2018), að maí mánuður, júní og júlí hafa verið tryggir og enginn ástæða verið til að róa nema við betri aðstæður. Í fjögur af þeim fimm árum sem 48 daga kerfið hefur verið við lýði þá hefur verið fyrirséð að hægt sé að róa alla, og síðar nánast alla þá 12 daga sem ættu að vera í boði og það litla „kapphlaup“ um dagana er í þeim mánuði sem alla jafna besta veðrið er fyrir smábáta. 2022 var nokkuð fyrirséð að það yrðu leyfðir 12 dagar í júlí en síðan voru veiðar stöðvaðar og engar ólympískar veiðar því stundaðar í ágúst (eða 2022 yfir höfuð).

2018 og 2019 = 48 dagar – ekkert svæði missti neinn dag

2020 = 47 dagar – C svæði missti einn dag, og svæði A, B og D misstu þennan eina dag líka

2021 = 46 dagar – C svæði missti tvo daga, og svæði A, B og D misstu þessa tvo daga líka

2022 = 36 dagar – C svæði missti tólf daga, og svæði A, B og D misstu þessa tólf daga líka

Myndrit sem sýnir skiptingu þorskafla eftir svæðum !

Einu gögnin sem lögð eru fram í þessu lagafrumvarpi og fyrir hæstvirta atvinnuveganefnd, er myndrit án allra tölulegra upplýsinga !


Það vantar alveg hversu margir bátar eru að baki hvers stöpul í myndritinu, t.d. 2022 eru 333 bátar að baki bláa stöpulsins (A svæði) og 118 að baki gráa stöpulsins (C svæði).

Þá vantar að taka inn í myndina nýtingu daga sem í boði eru hverju sinni, t.d. 2022 er svæði A með 74,8% nýtingu og svæði C með 50,8% nýtingu.




Það er alveg ómarktækt með öllu að sýna þróun skiptingu þorskafla eftir svæðum í þeim tilgangi að sýna ójöfnuð sem telst nægilega mikill svo um almannahagsmuni sé að ræða sem rökstuðning fyrir lagabreytingu, án þess að taka tillit til allra gagna sem liggja að baki skiptingu aflans. 2010 til 2017 var dagafjöldi mjög misjafn eftir svæðum, og svo hefur daganýtingin stærstu áhrifin á það hvað heildaraflinn er á hverju svæði (gefið að það sé álíka mikill afli í hverjum róðri sem farið er, sem er reyndin s.kv. öllum gögnum)

Myndrit 1 (úr umræddu frumvarpi) og notað er til að sýna ójöfnuð



Myndrit 2 (sýnir bátafjölda eingöngu – unnið af undirrituðum)



Að „jafna töluna: afli per bát“ og eða „að bátar á svæði C missi ekki af verðmætasta fiskinum“ ?

Hver er raunverulegur tilgangur frumvarpsins ? og hví eru engin gögn lögð fram sem sýna „verðmætamissi“ C svæðis ?

Enn og aftur vill undirritaður benda á að það eru þrjú önnur svæði sem missa af verðmætasta tíma sumarsins þegar einhver takmörkun er á dagafjölda í ágúst mánuði eða eins og árið 2022 þegar öll svæði misstu af ágúst mánuði.

Ætlar hæstvirtur Matvælaráðherra að tryggja sama dagafjölda allra svæða eftir svæðaskiptinguna ? og þá þarf að nefna það og útfæra í frumvarpi þessu.



Ójöfnuður fyrra fyrirkomulags vs þann ójöfnuð sem látið er í skína núna !

Hvað hefur svæði C misst af mörgum dögum vegna þess að veiðar hafa verið stöðvaðar áður en 48 dögum er náð (ATH svæði A, B og D misstu einnig af þessum sömu dögum og verðmæti eru hæst þar einnig á þessum tíma)

2018 – 0 dagar

2019 – 0 dagar

2020 – 1 dagur

2021 – 2 dagar

2022 – 12 dagar

Hvað missti svæði A af mörgum dögum vegna þess að veiðar voru stöðvaðar þar sem heimildir hvers mánaðar voru búnar (2010 til 2017 – kerfið eins og frumvarp þetta vill hverfa til)

2010 (miðað við svæði C) – 21 dagar

2011 (miðað við svæði C) – 34 dagar

2012 (miðað við svæði C) – 29 dagar

2013 (miðað við svæði C) – 28 dagar

2014 (miðað við svæði C) – 28 dagar

2015 (miðað við svæði C) – 20 dagar

2016 (miðað við svæði C) – 22 dagar

2017 (miðað við svæði C) – 21 dagar

Undirritaður hvetur þingmenn til að íhuga þann möguleika að með lögfestingu 48 daga án stöðvunar á veiðum mundi ekki bara sætta landshluta heldur kæmi fljótlega ákveðin værd á strandveiðisjómenn þar sem engar áhyggjur væru yfir því að einhver tæki daga af honum þ.e. þó ég tæki mér frí einhverja daga þá ætti ég alltaf að ná 48 dögum mínus þá daga sem ég sjálfur vel að sleppa. Mér er það jafn hugleikið að strandveiðisjómenn á NA horninu sem öðrum svæðum, fái 12 daga í mánuði í fjóra mánuði á ári.

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður

Ágætu þingmenn

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp frá matvælaráðherra um svæðaskiptingu strandveiða. Frumvarpið er brýnt réttlætismál fyrir sjómenn á Norður- og Austurlandi. Sú breyting sem gerð var á fyrirkomulagi strandveiða árið 2018, fólst í því að allir veiði úr sama potti, hefur komið hart niður á útgerð á C-svæði.

Fyrir liggur að best veiðist á C-svæði í júlí og ágúst, þegar vænn fiskur fer að ganga á miðin. Fram að þeim tíma er besta veiðin úti fyrir Vesturlandi og lítið að hafa á okkar svæði. Þessar takmörkuðu aflaheimildir sem ráðstafað hefur verið til strandveiða, veiddust upp í fyrra þann 21. júlí. Þá höfðu strandveiðimenn vestan við land, þar sem besti tíminn er fyrri part sumars, klárað þennan sameiginlega pott. Strandveiðimenn á svæði A veiddu að meðaltali tæp 19 tonn af þorski á bát í fyrra. Meðaltalið á svæði C var 11,1 tonn.

Ljóst er að ekki hefur verið vilji til að tryggja strandveiðimönnum veiðiheimildir sem duga í 48 daga, þó víðtæk samstaða sé um það, um allt land. Þetta fyrirkomulag, að allir veiði úr sama potti, hefur frá árinu 2018, leitt til viðvarandi fækkunar báta á norðan- og austanverðu landinu. Í þessari viku bærust þær harmafreignir að fimm strandveiðimenn á Raufarhöfn, einni viðkvæmustu byggð landsins, neyddust til að flytja útgerðir sínar á önnur svæði í þeirri von að geta fiskað fyrir skuldbindingum sínum. Það er þungt högg fyrir 200 manna byggðarlag að missa umsvif fimm fyrirtækja úr þorpinu.

Þetta er ekki einsdæmi. Strandveiðibátum á C-svæði hefur fækkað stöðugt undanfarin ár og eru þeir nú aðeins 12% af heildar fjöldanum. Fækkað hefur um fjörutíu báta á svæðinu frá því í fyrra, þegar þetta er skrifað. Útlit er fyrir að veiðar verði stöðvaðar að nýju um miðjan júlí 2023, ef mið er tekið af framgangi veiðanna. Ljóst er að sú niðurstaða myndi ýta enn undir flóttu frá svæði C og yrði enn einn nagli í líkkistu strandveiða á Norður- og Austurlandi. Við viljum ekki stærri hluta af kökunni eða aðrir strandveiðimenn. Við viljum bara ekki að kakan sé búin þegar röðin kemur að okkur.

Undirritaðir strandveiðimenn á C-svæði skora á þingmenn að jafna leikinn gagnvart öðrum landshlutum með því að:

- a) veita frumvarpi matvælaráðherra framgöngu
- b) tryggja fasta sóknardaga í júlí og ágúst

Neðan við listann má sjá nokkrar staðreyndir um þróun strandveiða á svæði C.

Nafn - skipaskrárnúmer

Arnar Aðalbjörnsson - 6821
Arnór Einar Einarsson - 2823
Axel Már Waltersson - 7127
Árni Björn Kristbjörnsson - 6961
Baldur Guðmundsson - 1560
Baldur Hauksson - 2062
Bjarni Eyjólfsson - 6969
Björn Þór Baldursson - 2576
Einar Ófeigur Magnússon - 6790
Einar Sigurðsson - 7461
Guðmundur Baldursson - 1560
Guðmundur A. Hólmgeirsson - 7361
Gunnar Hólm Jóhannsson - 2076
Haukur Hólmsteinsson - 6939
Haukur Marinósson - 2090
Halldór Stefánsson - 2162
Hilmir Agnarsson - 6408

Hlynur Ásgeirsson - 7703
Hrólfur Björnsson - 7670
Hörður Ingimar Þorgeirsson - 2461
Jóhann Ægir Halldórsson - 7243
Jón Tryggvi Árnason - 2588
Jón Albert Jónsson - 6905
Oddur Örvar Magnússon - 6643
Oddur Vilhelm Jóhannsson - 6549
Rögnvaldur Björnsson - 6889
Sigfús Kristjánsson - 6261
Sigmar Ingi Ingólfsson - 2370
Sigurður H. Sigurðsson - 7363
Sigurður Ragnar Kristinsson - 7066
Sigurgeir Pétursson - 7311
Snorri Sturluson - 7467
Steingrímur Friðriksson - 7526
Steinþór Friðriksson - 7000
Stína Þormar Pálsdóttir - 2461
Sveinn Fannar Jónsson - 6546
Þórir Örn Jónsson - 6905

Hér að neðan má sjá tölfræði um þróun strandveiða á svæði C:


Hlutfall báta á svæði C frá 2018 til 2022




Fjöldi báta á svæði C breyting frá 2022 til 2023



Þorskaflí á strandveiðum 2022 - eftir svæðum



Meðalþorskveiði á bát árið 2022



Meðalafli á bát í tonnum 2023

